*Ábyrgð*

*Virðing*

*Vellíðan*




# Skólanámskrá Engidalsskóla
# Hluti III
# 7. bekkur greinasvið

Skólaárið 2025-2026

# Efnisyfirlit

Íslenska ..... 3
Stærðfræði ..... 5
Náttúrugreinar ..... 7
Samfélagsgreinar ..... 9
Danska ..... 11
Enska ..... 13
Myndmennt ..... 14
Heimilisfræði ..... 15
Hönnun og smíði ..... 16
Textílmennt ..... 17
Tónmennt ..... 18
Skólaíþróttir ..... 19
Skólasund ..... 21
Upplýsinga- og tæknimennt ..... 22

| Íslenska | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Námsflokkur** | **Hæfniviðmið<br>Að nemandi geti:** | **Kennslufyrirkomulag leiðir að viðmiðum** | **Námsefni** | **Námsmat** |
| ***Talað mál, hlustun og áhorf*** | • flutt mál sitt skýrt og áheyrilega.<br>• gert sér grein fyrir undirstöðuatriðum góðrar framsagnar.<br>• gert grein fyrir þekkingu sinni og reynslu.<br>• tjáð hugmyndir sínar og skoðanir frammi fyrir hópi.<br>• hlustað og horft af athygli á fjölbreytt efni, beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það og greint frá aðalatriðum. | Innlögn.<br>Verkefnavinna.<br>Hópavinna.<br>Einstaklingsvinna.<br>Vinna í kennslubókum.<br>Skapandi starf.<br>Samvinna.<br>Gagnvirk vinna á vef.<br>Vinna á spjaldtölvum.<br>Áhugasviðsvinna.<br>Útikennsla. | Ýmsar kennslubækur.<br>Rafræn verkefni.<br>Heimildir af veraldarvefnum.<br>Ljósrit.<br>Bækur af bókasafni.<br>Dagblöð og tímarit. | Próf.<br>Sjálfsmat.<br>Símat.<br>Foreldramat.<br>Matskvarðinn sem notaður er, er í bókstöfum: A, B+, B, C+, C og D. |
| ***Lestur og Lesskilningur*** | • lesið texta við hæfi á nákvæman og sjálfvirkan hátt.<br>• lesið með tjáningu sem sýnir skilning á tilgangi og merkingu texta.<br>• skilið, fjallað um og dregið saman efni ólíkra texta, dregið ályktanir af efninu, greint og lagt mat á merkingu þeirra og tilgang á gagnrýninn hátt. | | | |
| ***Bókmenntir*** | • lesið ýmsar bókmenntir og unnið með efni þeirra á fjölbreyttan hátt.<br>• notað einföld bókmenntahugtök í umræðu og vinnu með innihald og einkenni ljóða frá ólíkum tímum. | | | |
| ***Ritun*** | • gengið frá texta samkvæmt fyrirmælum.<br>• skrifað texta þar sem málsgreinar eru fjölbreyttar.<br>• skrifað texta og skipt upp í efnisgreinar.<br>• metið, mótað og endurskrifað texta með hliðsjón af hjálpargögnum.<br>• beitt algengum atriðum stafsetningar og greinarmerkjasetningar.<br>• notað tiltæk hjálpargögn við hæfi. | | | |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| ***Mál og málnotkun*** | • notað góðan orðaforða í ræðu og riti.<br>• nýtt sér fjölbreytt málsnið við orðmyndun, tal og ritun.<br>• áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð greint hlutverk og helstu einkenni þeirra.<br>• fallorðum og greint hlutverk og helstu einkenni þeirra.<br>• óbeygjanlegum orðum og greint hlutverk og helstu einkenni þeirra.<br>• notað algeng orðtök og málshætti í töluðu máli og rituðu og greint notagildi þeirra í texta. | | | |

# Stærðfræði

| Námsflokkur | Hæfniviðmið<br>Að nemandi geti: | Kennslufyrirkomulag leiðir að viðmiðum | Námsefni | Námsmat |
|---|---|---|---|---|
| ***Vinnulag stærðfræðinnar*** | • nýtt sér verkfæri og hlutbundin gögn til að rannsaka og finna lausn á stærðfræðilegum viðfangsefnum.<br>• tjáð sig um stærðfræði, útskýrt hugsun sína fyrir öðrum og spurt spurninga til að leita lausna.<br>• notað rétt heiti yfir stærðfræðitákn, nýtt þau af nákvæmni við útreikninga og yfirfært milli táknmáls og daglegs máls.<br>• þróað hentugar aðferðir sem byggja á eigin skilningi við reikning með ræðum tölum.<br>• leyst þrautir og rökstutt svör.<br>• unnið skipulega, einn og í samvinnu, að því að finna lausnir á stærðfræðilegum viðfangsefnum með því að kanna, rannsaka, greina og meta.<br>• metið hvort sönnun eða einföld rök byggð á stærðfræðilegum eiginleikum eru gild.<br>• notað forritun til að rannsaka gögn í töflum. | Innlögn.<br>Verkefnavinna.<br>Hópavinna.<br>Einstaklingsvinna.<br>Vinna í kennslubókum.<br>Skapandi starf.<br>Samvinna.<br>Gagnvirk vinna á vef.<br>Vinna á spjaldtölvum.<br>Áhugasviðsvinna.<br>Útikennsla. | Ýmsar kennslubækur.<br>Rafræn verkefni.<br>Heimildir af veraldarvefnum.<br>Ljósrit.<br>Bækur af bókasafni.<br>Dagblöð og tímarit. | Próf.<br>Sjálfsmat.<br>Símat.<br>Foreldramat.<br><br>Matskvarðinn sem notaður er, er í bókstöfum: A, B+, B, C+, C og D. |
| ***Tölur og reikningur*** | • raðað ræðum tölum eftir stærð og útskýrt tengsl þeirra við heiltölur.<br>• nýtt sér grunnreikniaðgerðirnar fjórar<br>• reiknað með ræðum tölum.<br>• sett hlutfall fram sem almennt brot, tugabrot og prósentu.<br>• beitt almennt brot, tugabrot og prósentu við rauntengd viðfangsefni.<br>• nýtt sér reiknireglur, tengsl reikniaðgerðanna og forgangsröð aðgerða við útreikninga. | | | |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | • nýtt stærðfræði til að takast á við verkefni er tengjast helstu hugtökum persónulegra fjármála og haldið utan um eigin fjármál. | | | |
| ***Algebra*** | • nýtt sér táknmál algebrunnar til að vinna með þau.<br>• rannsakað og sett fram talnarunur og lýst þeim með myndum og orðum.<br>• rannsakað og sett fram talnarunur fallstærðum.<br>• notað bókstafi til að tákna óþekktar stærðir og reiknað með þeim.<br>• fundið lausnir á jöfnum með því að nota algengar reiknireglur. | | | |
| ***Tölfræði og líkindi*** | • gert einfaldar tölfræðikannanir og framkvæmt einfalda tölfræðiútreikninga. | | | |
| ***Rúmfræði og mælingar*** | • notað hugtök rúmfræðinnar til að lýsa eiginleikum hversdagslegra og fræðilegra fyrirbrigða.<br>• rannsakað, gert tilraunir og teikningar með því að nota rúmfræðiforrit og hlutbundin gögn.<br>• rannsakað þrívíð form, teiknað einfaldar flatar- og þrívíddarmyndir og notað til þess mælikvarða og einslögun.<br>• áætlað og mælt massa, lengd, rúmmál, hraða, tíma og hitastig með viðeigandi mælikvarða og dregið ályktanir af mælingunum.<br>• áætlað, mælt og reiknað hornastærðir, ummál og flatarmál marghyrninga og gráður í hringgeira.<br>• áætlað og reiknað rúmmál og yfirborðsflatarmál þrístrendings, réttstrendings og píramída. | | | |

## Náttúrugreinar

| Námsflokkur | Hæfniviðmið<br>Að nemandi geti: | Kennslufyrirkomulag<br>leiðir að viðmiðum | Námsefni | Námsmat |
|---|---|---|---|---|
| ***Vinnulag náttúruvísinda*** | • beitt algengustu hugtökum og heitum í náttúruvísindum við athuganir, í umræðu og textaskrifum.<br>• lesið náttúruvísindatexta sér til gagns og endursagt með eigin orðum, túlkað myndrit og skoðað myndefni um náttúrufræði, umorðað og nýtt til útskýringa.<br>• kynnt niðurstöður rannsókna, útskýrt hvaða vinnubrögðum var beitt og tekið þátt í umræðum um efnið.<br>• þekkt ferli vísindalegra vinnubragða og unnið eftir þeim í stýrðum verkefnum. | Innlögn.<br>Verkefnavinna.<br>Hópavinna.<br>Einstaklingsvinna.<br>Vinna í kennslubókum.<br>Skapandi starf.<br>Samvinna.<br>Gagnvirk vinna á vef.<br>Vinna á spjaldtölvum.<br>Áhugasviðsvinna.<br>Útikennsla. | Ýmsar kennslubækur.<br>Rafræn verkefni.<br>Heimildir af veraldarvefnum.<br>Ljósrit.<br>Bækur af bókasafni.<br>Dagblöð og tímarit. | Próf.<br>Sjálfsmat.<br>Símat.<br>Foreldramat.<br><br>Matskvarðinn sem notaður er, er í bókstöfum: A, B+, B, C+, C og D. |
| ***Umhverfið*** | • útskýrt gróðurhúsaáhrif og tengsl við loftslagsbreytingar.<br>• áttað sig á mikilvægi þess að nýta náttúruauðlindir án þess að ganga um of á þær.<br>• rætt valin dæmi um tengsl einstaklinga, nærumhverfis og umhverfismála á heimsvísu.<br>• skipulagt og tekið þátt í aðgerðum er varða náttúruvernd og umhverfismál í nærumhverfi sínu. | | | |
| ***Lífið*** | • útskýrt helstu einkenni og lífsskilyrði lífvera og tekið dæmi um tengsl þeirra innbyrðis.<br>• nefnt dæmi um gagn og skaðsemi örvera. | | | |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | • lýst breytingum sem verða við kynþroskaaldur og gert sér grein fyrir mikilvægi gagnkvæmar virðingar í samskiptum kynjanna.<br>• sagt frá einkennum helstu hópa dýra. | | | |
| ***Efnin*** | • lýst helstu orkuformum og lýst einföldum dæmum um varðveislu orkunnar.<br>• rætt dæmi um framleiðslu og nýtingu á orku í daglegu lífi.<br>• sýnt skilning á hugtökunum varmi og hitastig og tengt þau við daglegt líf.<br>• framkvæmt einfaldar athuganir á rafrásum<br>• útskýrt hvernig rafmagn verður til.<br>• lýst eiginleikum hljóðs og ljóss og ýmsum fyrirbærum með tilliti til hljóðs og lita.<br>• rætt um gagnsemi og hættur við helstu bylgjur í nærumhverfinu. | | | |
| ***Alheimurinn*** | • lýst gangi tunglsins um jörðina.<br>• lýst helstu sérkennum náttúruhamfara sem búast má við á Íslandi og hvernig viðbrögð við þeim eru skipulögð.<br>• gert grein fyrir staðsetningu jarðarinnar í vetrarbrautinni. | | | |

# Samfélagsgreinar

*Lífsleikni og umferðarfræðsla*

<table>
<tr><th>Námsflokkur</th><th>Hæfniviðmið<br>Að nemandi geti:</th><th>Kennslufyrirkomulag leiðir að viðmiðum</th><th>Námsefni</th><th>Námsmat</th></tr>
<tr><td>Vinnulag samfélagsgreina</td><td>• útskýrt og notað mikilvæg hugtök samfélagsgreina.<br>• aflað sér upplýsinga um samfélagsleg málefni úr textum, hljóð- og myndefni, umorðað og nýtt til umfjöllunar.<br>• spurt opinna spurninga og tekið þátt í umræðu um ólík málefni af samfélagslegum og siðferðilegum toga.<br>• tekið þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu.</td><td rowspan="4">Innlögn.<br>Verkefnavinna.<br>Hópavinna.<br>Einstaklingsvinna.<br>Vinna í kennslubókum.<br>Skapandi starf.<br>Samvinna.<br>Gagnvirk vinna á vef.<br>Vinna á spjaldtölvum.<br>Áhugasviðsvinna.<br>Útikennsla.</td><td rowspan="4">Ýmsar kennslubækur.<br>Rafræn verkefni.<br>Heimildir af veraldarvefnum.<br>Ljósrit.<br>Bækur af bókasafni.<br>Dagblöð og tímarit.</td><td rowspan="4">Próf.<br>Sjálfsmat.<br>Símat.<br>Foreldramat.<br><br>Matskvarðinn sem notaður er, er í bókstöfum: A, B+, B, C+, C og D.</td></tr>
<tr><td>Sjálfsmynd</td><td>• lýst með dæmum mikilvægi jákvæðra lífsviðhorfa, hugarfars og seiglu fyrir eigin þroska.<br>• gert grein fyrir eigin áhugasviðum, styrk og áskorunum og hvernig hægt er að vinna með þá þætti á uppbyggilegan hátt.<br>• lýst staðalmyndum og fordómum í samfélaginu og áhrifum þeirra og áttað sig á skaðsemi þeirra.<br>• beitt hugtökunum kyn, kynhneigð og kynhlutverk og áttað sig á fjölbreytni hinseginleikans.<br>• gert grein fyrir útgjöldum vegna þarfa, langana og hegðunar einstaklinga og mikilvægi fyrirhyggju í fjármálum.</td></tr>
<tr><td>Siðferði og trú</td><td>• dregið fram ólíkan bakgrunn fólks og virt mismunandi trú, lífsgildi, skoðanir og siði.<br>• rætt viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og sett í samhengi við atburði daglegs lífs.</td></tr>
<tr><td>Borgaravitund</td><td>• áttað sig á hvernig og hvers vegna kostnaður við ýmsa grunnþjónustu er greiddur af sameiginlegum sjóðum samfélagsins.</td></tr>
</table>

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | • lýst nokkrum einkennum lýðræðislegra samfélagshátta hér á landi.<br>• gert grein fyrir hlutverki mikilvægra stofnana samfélagsins.<br>• sett sig inn í málefni samfélagsins, áttað sig á möguleikum til áhrifa og sýnt það í verki með ábyrgum hætti. | | | |
| ***Saga*** | • metið heimildir og ólík sjónarhorn í umfjöllun um sögu og samtíð.<br>• áttað sig á að sagan hefur mótast af ýmsum þáttum, svo sem umhverfi, atferli, lífsviðhorfum, samfélagsskipulagi og atvinnuháttum.<br>• útskýrt með dæmum hvernig sögulegir atburðir hafa áhrif á samfélög og líf fólks í samtímanum. | | | |
| ***Jörðin okkar*** | • notað kort og gröf til að afla sér upplýsinga og vinna úr þeim og sett upp einföld kort.<br>• lífsgæði og lífbreytileika.<br>• lýst í grófum dráttum ferli daglegra neysluvara, uppruna þeirra, flutningi, sölu, nýtingu, förgun, endurvinnslu og kolefnisspori.<br>• skýrt með dæmum áhrif tækni og mannlegra athafna á samfélag, loftslag og umhverfi.<br>• fjallað um hvað sjálfbær þróun felur í sér. | | | |
| ***Umferðarfræðsla*** | **Að nemandi hefur:**<br>• átti sig á því að hann er fyrirmynd í umferðinni hvað varðar umferð og umferðaröryggi.<br>• lært umferðarmerki, viðvörunarmerki, boðmerki, bannmerki og upplýsingar- og þjónustumerki.<br>• fengið fyrirlestur um umferðaröryggi og um létt bifhjól. | | | Lokið/ólokið |

<table>
<tr><th colspan="5">Danska</th></tr>
<tr><th>Námsflokkur</th><th>Hæfniviðmið<br>Að nemandi geti:</th><th>Kennslufyrirkomulag leiðir að viðmiðum</th><th>Námsefni</th><th>Námsmat</th></tr>
<tr><td>Hlustun og áhorf</td><td>• skilið algeng orð, einföld fyrirmæli og frásagnir og brugðist við þeim.<br>• fylgt meginþræði í einföldu efni sem höfðar til barna og unglinga.<br>• hlustað eftir einföldum upplýsingum og nýtt sér í námi sínu.</td><td rowspan="4">Innlögn.<br>Verkefnavinna.<br>Hópavinna.<br>Einstaklingsvinna.<br>Vinna í kennslubókum.<br>Samvinna.<br>Gagnvirk vinna á vef.<br>Vinna á spjaldtölvum.</td><td rowspan="4">Ýmsar kennslubækur.<br>Rafræn verkefni.<br>Heimildir af veraldarvefnum.<br>Ljósrit.<br>Orðabækur af bókasafni.</td><td rowspan="4">Símat.<br><br>Vorpróf<br><br>Matskvarðinn sem notaður er, er í bókstöfum: A, B+, B, C+, C og D.</td></tr>
<tr><td>Lestur og Lesskilningur</td><td>• fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu.<br>• skilið megininntak einfaldra rauntexta með stuðningi ef þarf.<br>• lesið stutt og auðlesið efni tengt öðrum námsgreinum.<br>• lesið og skilið stutta texta með grunnorðaforða daglegs lífs.<br>• lesið stuttar sögur og bækur á einföldu máli sér til ánægju.</td></tr>
<tr><td>Samskipti</td><td>• spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst.<br>• tekist á við aðstæður í skólastofunni í einföldum samskiptum.<br>• tekið þátt í einföldum samræðum í skólastofunni.</td></tr>
<tr><td>Frásögn</td><td>• tjáð sig á einfaldan hátt um sjálfan sig og líf sitt.<br>• flutt einfalt atriði sem hann hefur haft tækifæri til að æfa.<br>• tjáð sig nokkuð skiljanlega hvað varðar framburð og áherslur.</td></tr>
</table>

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| ***Ritun*** | • skrifað einfaldan texta með orðaforða úr efnisflokkum sem fengist er við.<br>• byggt upp einfaldar setningar, stafsett algeng orð og notað algeng greinarmerki.<br>• skrifað einfalda texta um efni sem tengist námi hans.<br>• skrifað á einföldu máli um efni sem hann þekkir vel.<br>• samið stutta texta frá eigin brjósti. | | | |
| ***Menningarlæsi*** | • sýnt að hann áttar sig á að mörg algeng orð í erlenda tungumálinu eru lík og skyld öðrum sem hann þekkir.<br>• sýnt að hann þekkir til ýmissa sérkenna menningarsvæðisins.<br>• gert sér grein fyrir mismunandi siðum og hefðum á viðkomandi málsvæði. | | | |

# Enska

| Námsflokkur | Hæfniviðmið<br>Að nemandi geti: | Kennslufyrirkomulag leiðir að viðmiðum | Námsefni | Námsmat |
|---|---|---|---|---|
| ***Hlustun og áhorf*** | • skilið talað mál og frásagnir um efni tengt námi hans og daglegu lífi, brugðist við þeim og nýtt sér í námi sínu.<br>• fylgt þræði í efni við hæfi á margvíslegum miðlum og nýtt í námi sínu.<br>• hlustað eftir aðalatriðum, greint þau og nýtt sér í námi sínu. | Innlögn.<br>Verkefnavinna.<br>Hópavinna.<br>Einstaklingsvinna.<br>Vinna í kennslubókum.<br>Skapandi starf.<br>Samvinna.<br>Gagnvirk vinna á vef.<br>Vinna á spjaldtölvum.<br>Áhugasviðsvinna.<br>Útikennsla. | Ýmsar kennslubækur.<br>Rafræn verkefni.<br>Heimildir af veraldarvefnum.<br>Ljósrit.<br>Bækur af bókasafni.<br>Dagblöð og tímarit. | Próf.<br>Sjálfsmat.<br>Símat.<br>Foreldramat.<br><br>Matskvarðinn sem notaður er, er í bókstöfum: A, B+, B, C+, C og D. |
| ***Lestur og Lesskilningur*** | • skilið megininntak rauntexta og unnið úr efni þeirra.<br>• fundið lykilupplýsingar í texta og nýtt sér í verkefnavinnu.<br>• lesið og skilið auðlesið efni og hugtök tengt öðrum námsgreinum.<br>• lesið sér til gagns og ánægju einfaldar smásögur og skáldsögur og unnið með efni þeirra. | | | |
| ***Samskipti*** | • tekið þátt í óformlegu samtali um áhugamál sín og daglegt líf.<br>• bjargað sér við algengar aðstæður og notað almennar kurteisis- og samskiptavenjur.<br>• notað málið til samskipta í kennslustundum og undirbúið, tekið og veitt viðtal. | | | |
| ***Frásögn*** | • beitt málinu með nokkuð eðlilegum framburði og áherslum.<br>• flutt tilbúið eða frumsamið efni, einn eða í félagi við aðra. | | | |
| ***Ritun*** | • skrifað texta af mismunandi gerðum með inntak og lesanda í huga.<br>• lýst atburðarás eða reynslu með orðaforða sem unnið hefur verið með.<br>• samið einfalda texta þar sem ímyndunaraflið fær að njóta sín. | | | |
| ***Menningarlæsi*** | • sett sig í spor fólks á viðkomandi málsvæði og gert sér grein fyrir hvað er líkt eða ólíkt með hans eigin aðstæðum. | | | |

## Myndmennt

Verklegir tímar.

Kennt er í lotum. Verkefnin eru endurtekin með hverjum hóp.

| **Námsflokkur** | **Hæfniviðmið**<br>**Að nemandi geti:** | **Kennslu fyrirkomulag leiðir að viðmiðum** | **Námsefni** | **Námsmat** |
| --- | --- | --- | --- | --- |
| ***Sköpun*** | • byggt eigin listsköpun á hugmyndavinnu tengdri ímyndun, rannsóknum og reynslu.<br>• unnið hugmynd frá skissu að lokaverki bæði fyrir tví- og þrívíð verk.<br>• notað mismunandi efni, verkfæri, miðla og tækni, á skipulagðan hátt í eigin sköpun.<br>• nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun. | Innlögn og kynning.<br>Sýnikennsla.<br>Jafningjafræðsla.<br>Fyrirlestur.<br>Myndbönd.<br>Umræður.<br>Tilraunir.<br>Uppgötvunarnám.<br>Hugmyndavinna. | Myndlistarbækur og efni af netinu<br>Ýmis konar sýnishorn og fróðleikur.<br>Tæki og tól. | Lykilhæfni.<br>Frammistaða og virkni í tímum er metin.<br>Námshæfni:<br>Myndræn verkefni metin.<br>Vinnusemi.<br>Verklagni.<br>Hugmyndavinna.<br>Vinnuferlið.<br>Samvinna.<br>Virkni í umræðum. |
| ***Greining og úrvinnsla*** | • greint og fjallað um listaverk og áhrif myndmáls í umhverfinu og samfélaginu.<br>• beitt hugtökum og heitum frumþátta og lögmála myndlistar sem tengjast aðferðum verkefna hverju sinni.<br>• tjáð skoðanir eða tilfinningar í eigin sköpun með tengingu við eigin reynslu. | | | |
| ***Menning og umhveri*** | • greint, borið saman og metið aðferðir við gerð margs konar listaverka.<br>• gert grein fyrir margvíslegum tilgangi myndlistar og hönnunar.<br>• þekkt og gert grein fyrir völdum verkum íslenskra og erlendra listamanna, lýst þeim og greint og fjallað um ýmsar stefnur myndlistar með því að bera saman stíla og tímabil tiltekinna verka. | | | |

| Heimilisfræði | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Námsflokkur** | **Hæfniviðmið<br>Að nemandi geti:** | **Kennslufyrirkomulag leiðir að viðmiðum** | **Námsefni** | **Námsmat** |
| ***Verklag*** | • matreitt einfaldar og hollar máltíðir<br>• unnið út frá ráðleggingum um mataræði frá embætti landlæknis.<br>• notað til þess algengustu mæli- og eldhúsáhöld.<br>• skilið gildi viðeigandi frágangs.<br>• greint frá helstu orsökum slysa við eldhússtörf og hvernig má koma í veg fyrir þau. | Verkleg kennsla ásamt því að vinna verkefni í vinnubók. Sýnikennsla í upphafi kennslustunda.<br><br>Ýmsar mælingar eru teknar fyrir í sambandi við uppskriftir. Farið er yfir dagsetningar og umbúðamerkingar um leið og vörur eru notaðar.<br><br>Nemendur og kennari tala saman um hollustu, lífshætti, afurðir, menningu, líðan og fleira sem tengist heimilishaldi almennt. | Gott og gagnlegt,<br><br>nemendabók og<br><br>vinnubók 3.<br><br>Ýmsar uppskriftir úr heimilisfræðinámsbókum fyrri ára ásamt efni af neti. | Námsmat fer eftir frammistöðu í tímum, virkni, áhuga, umgengni, og vinnubrögðum. |
| ***Lífshættir*** | • tjáð sig um heilbrigða lífshætti eins og næringu, hreyfingu og svefn.<br>• skilið og tjáð sig á einfaldan hátt um aðalatriði ráðlegginga um mataræði frá embætti landlæknis.<br>• öðlist færni í hreinlæti og þrifum tengdu matreiðslu.<br>• gert sér grein fyrir helstu kostnaðarliðum við heimilishald. | | | |
| ***Menning og umhverfi*** | • sett viðfangsefni heimilisfræðinnar í einfalt samhengi við jafnrétti og sjálfbærni.<br>• skilið mismunandi umbúðamerkingar<br>• þekki helstu geymsluaðferðir.<br>• áttað sig á uppruna helstu matvæla.<br>• tjáð sig um þjóðlegar íslenskar hefðir í matargerð.<br>• áttað sig á gildi þess að neyta matvæla með sem minnst kolefnisspor. | | | |

| Hönnun og smíði | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Námsflokkur** | **Hæfniviðmið**<br>**Að nemandi geti:** | **Kennslufyrirkomulag**<br>**leiðir að viðmiðum** | **Námsefni** | **Námsmat** |
| ***Sköpun, hönnun og tækni*** | • útskýrt hugmyndir sínar með því að rissa upp málsetta vinnuteikningu.<br>• hannað og smíðað verkefni sem nýtir orkugjafa og lýst því hvaða virkniþættir eru að verki í ýmsum hlutum.<br>• nýtt hugbúnað við hönnun tvívíðra og þrívíðra forma.<br>• nýtt sér tölvustýrðar smíðavélar til að fullvinna tvívíða og þrívíða hluti.<br>• nýtt sér örtölvur til að stýra einföldum aðgerðum.<br>• greint þarfir í umhverfi sínu og rætt mögulegar lausnir. | Innlögn frá kennara í byrjun lotu. Farið yfir reglur í stofu, öryggi og umgengni. Stuttar innlagnir og eða sýnikennsla í byrjun hvers tíma. Þá tekur við einstaklings- eða hópavinna þar sem kennari gengur á milli og aðstoðar eftir þörfum. | Smíðastofan.<br><br>Verkfæri í smíðastofu.<br><br>Öryggisbúnaður og gögn frá kennara.<br><br>Umræður út frá innlögn kennara. | Einstaklingsmiðað símat þar sem hver hlutur sem nemandi lýkur er metinn með sköpun, vinnusemi, þrautseigju, samstarf/sjálfstæði og hegðun að leiðarljósi. |

# Textílmennt

| Námsflokkur | Hæfniviðmið<br>Að nemandi geti: | Kennslufyrirkomulag<br>leiðir að viðmiðum | Námsefni | Námsmat |
|---|---|---|---|---|
| ***Verklag*** | • beitt grunnaðferðum og áhöldum greinarinnar.<br>• unnið úr fjölbreyttum textílefnum.<br>• Þekkt mikilvægi viðeigandi líkamsstöðu og geti beitt líkanum rétt við vinnu sína. | Nemendur minntir á að ganga frá jöfnum höndum og flokka efnisafganga.<br>Nemendur hanni og saumi einn nytjahlut fyrir heimili eða einstakling. Búa til efnislög fyrir ofnhanska, sauma ofnhanska.<br>Nemendur sýni sjálfstæði í vinnubrögðum og hanni sitt eigið snið og skreytiaðferð.<br>Skreytiaðferðir geta verið fjölbreyttar en nemendur sýni fram á minnst eina í ferlinu frá hugmynd að afurð.<br><br>Ullarmynd- búa til mynd úr ull.<br>Nemendur nota þurrfeltun til að búa til mynd og sauma hana síðan á valið efni til að gera litla skreytingarpúða | Bækur, tímarit og fræðsla af interneti.<br>Hugmyndir úr smiðju kennara.<br>Ýmis áhöld og efni textílstofu. | Metið eftir hæfniviðmiðum í Mentor.<br><br>Matskvarðinn sem notaður er, er í bókstöfum: A, B+, B, C+, C og D. |
| ***Sköpun, hönnun og tækni*** | • nýtt hugbúnað við hönnun eigin mynsturs eða myndefnis fyrir textílvinnu.<br>• þróað eigin hugmyndir í textílverk og unnið eftir ferli.<br>• notað fjölbreyttar aðferðir að eigin vali við skreytingu textílafurða.<br>• útskýrt eigið verk og notað til þess hugtök greinarinnar. | | | |
| ***Menning og umhverfi*** | • fjallað um efnisfræði svo sem eiginleika náttúruefna og gerviefna.<br>• skilið helstu tákn og merkingar textílefna. | | | |

# Tónmennt

Tónlist er leið til sköpunar og tjáningar. Í tónmennt fá nemendur að spila á ýmis hljóðfæri og fá tækifæri til að tjá tilfinningar sínar og skoðanir í gegnum tónlist, með hlustun, söng og samspili.

| Námsflokkur | Hæfniviðmið<br>Að nemandi geti: | Kennslufyrirkomulag<br>leiðir að viðmiðum | Námsefni | Námsmat |
|---|---|---|---|---|
| ***Söngur og hljóðfæraleikur*** | • beitt rödd sinni í söng eða rappi, einn eða með öðrum.<br>• leikið einfaldar laglínur og hljóma á ýmis hljóðfæri í samspili. | Tónlist og hreyfing.<br>Söngur.<br>Hlustun.<br>Sköpun.<br>Hljóðfæravinna.<br>Skrifleg verkefni.<br>Tónlistarapp.<br>Leikir. | Handbækur.<br>Hljóðfærin í stofunni.<br>Hlustunarefni.<br>Verkefnablöð.<br>Veraldarvefurinn.<br>GarageBand. | Frammistaða og virkni í tímum.<br>Frumkvæði og samvinna.<br>Verkefni vetrarins. |
| ***Sköpun og skráning*** | • notað tónlistarforrit til að semja lag eða hljóðverk.<br>• samið og skráð stef eða laglínur og nýtt í eigin tónsmíð. | | | |
| ***Hlustun og greining*** | • nýtt einföld tónlistarleg hugtök til að gera grein fyrir skoðun sinni á margvíslegri tónlist.<br>• greint og að einhverju marki metið og endurskoðað eigin sköpun og samnemenda sinna í tónlist af sanngirni og virðingu. | | | |

# Skólaíþróttir

| Námsflokkur | Hæfniviðmið<br>Að nemandi geti: | Kennslufyrirkomulag leiðir að viðmiðum | Námsefni | Námsmat |
|---|---|---|---|---|
| ***Líkamsvitund, leikni og afkastageta*** | • gert æfingar sem reyna á loftháð þol í íþróttum.<br>• gert æfingar með eigin líkamsþyngd sem reyna á styrk og stöðugleika.<br>• gert æfingar sem reyna á liðleika og hreyfigetu.<br>• sýnt útfærslu hreyfinga þannig að þær renni vel saman.<br>• gert einfaldar rytmískar æfingar og fylgt takti.<br>• nýtt sér stöðluð próf í íþróttum til að meta eigið þrek og hreysti. | Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:<br><br>Sýnikennsla, endurtekningaræfingar, stöðvaþjálfun, stöðugt þjálfunarálag, þrautaleikir og þrautabrautir, hermileikir, hópleikir o.fl. | Þau námsgögn sem helst er stuðst við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:<br><br>Áhöld í íþróttasal<br><br>Minni áhöld: Boltar, gjarðir, sippubönd, snú-snú bönd, teygjur, léttar dýnur, liðabönd, vesti, mjúkir boltar, badminton flugur og spaðar, bandý boltar og kylfur, keilur, spilastokkur, mottur.<br><br>Stærri áhöld: Kistur, kubbar, hestar, kaðlar, slár, badminton uppistöður, mörk, körfur, bekkir, stærri dýnur, stökkbretti, boltagrindur, boltanet. | Hreyfifærnipróf:<br><br>Kollhnís<br><br>Sippa x 5<br><br>Hlaup milli keila 12m í 60 sek– búa til skala<br><br>Öfug handstaða við vegg/rimla – halda stöðunni í 5 sek<br><br>Grípa baunapoka x5<br><br>Rúlla bolta milli tveggja stanga með 40 cm bil á milli úr 2 m fjarlægð.<br><br>Vinnusemi - nemendur skilji mikilvægi góðrar ástundunar, góðrar framkomu, sjálfsaga, samvinnu og tillitsemi í |
| ***Félagslegir þættir*** | • skilið mikilvægi jákvæðra samskipta.<br>• skilið mikilvægi stundvísi aga og sjálfstæðra vinnubragða í tengslum við góðan árangur. | | | |
| ***Heilsa og heilsuefling.*** | • skipulagt að einhverju leyti útivist í fjölbreyttu landslagi, tekið þátt, fylgt áætlunum og varast hættur sem fylgt geta.<br>• sett sér langtímamarkmið í íþróttum.<br>• sett sér langtímamarkmið í heilsurækt.<br>• nýtt sér niðurstöður úr stöðluðum prófum til að vinna að eflingu hreyfingar. | | | |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | • tekið þátt í alhliða heilsurækt sem er í boði utan skóla. | | Úti áhöld: Klifurbrautir, rólur, mörk, gervigrasvöllur, körfuspjöld, yfir veggur. | tengslum við góðan árangur í íþróttum.<br><br>Leikni - þekki ýmis hugtök sem notuð eru í skólaíþróttum og farið eftir leikreglum. |
| ***Öryggis- og skipulagsreglur*** | • framkvæmt grunnatriði skyndihjálpar. | | | |

| Skólasund | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Námsflokkur** | **Hæfniviðmið<br>Að nemandi geti:** | **Kennslufyrirkomulag<br>leiðir að viðmiðum** | **Námsefni** | **Námsmat** |
| ***sund*** | • gert æfingar sem reyna á lofthháð þol í 300 metra sundi.<br>• beitt fjölbreyttum.<br>• synt björgunarsund með jafningja að lágmarki 12 metra, sundaðferðum.<br>• eflt eigin heilsu í vatni.<br>• sýnt leikni og synt 25 metra bringusund viðstöðulaust.<br>• sýnt leikni og synt 25 metra baksund viðstöðulaust.<br>• sýnt leikni og synt 25 metra skriðsund viðstöðulaust.<br>• sýnt leikni og synt 8 metra kafsund viðstöðulaust. | Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:<br><br>Sýnikennsla, endurtekning, leikir, þolþjálfun, samvinna. | Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:<br><br>Kútar, korkur, stungupallar, stökkbretti, sundfit, flotholt af ýmsum gerðum (t.d. núðlur), kafhringir, gjarðir, boltar. | 75 m bringusund.<br>25 m skriðsund.<br>25 m skólabaksund.<br>12 m baksund.<br>Stunga af bakka kafa e. hlut á 1 - 2 m dýpi.<br>Troða marvaða.<br>Vinnusemi – nemendur skilji mikilvægi góðrar ástundunar, góðrar framkomu, sjálfsaga, samvinnu og ver virkur þátttakandi í sundtímum. |

## Upplýsinga- og tæknimennt

| Námsflokkur | Hæfniviðmið<br>Að nemandi geti: | Kennslufyrirkomulag leiðir að viðmiðum | Námsefni | Námsmat |
|---|---|---|---|---|
| ***Upplýsinga og miðlalæsi*** | • nýtt leitarvélar, gervigreind og önnur verkfæri á siðferðilega ábyrgan hátt til upplýsingaöflunar.<br>• lagt mat á gæði ýmissa upplýsinga og áttað sig á fjölbreytileika stafræns efnis.<br>• unnið með heimildir í samræmi við höfundarrétt og sett fram einfalda heimildaskrá. | Hér er hægt að vera í samráði við bókasafnsfræðing.<br>Hægt að nýta spjöldin og eins fartölvur.<br>Námsforrit á mms.is.<br>Ýmis þjálfunar- og kennsluforrit/öpp, s.s. Orðagull og Osmó. | Nám í upplýsinga- og tæknimennt er samþætt öðrum námsgreinum s.s. íslensku og stærðfræði. | Námsmat tengist þeim námsgreinum sem unnið er með hverju sinni. |
| ***Sköpun og miðlun*** | • nýtt hugbúnað við gerð margvíslegra kynninga.<br>• nýtt hugbúnað við uppsetningu ritunarverkefna samkvæmt viðmiðum um uppsetningu og frágang.<br>• nýtt hugbúnað við gagnasöfnun og framsetningu á tölulegum gögnum.<br>• nýtt tæki og hugbúnað við ljósmyndun og stuttmyndagerð.<br>• nýtt tæki og hugbúnað við einfalda hönnun, myndvinnslu og myndsköpun.<br>• nýtt tæki og hugbúnað við upptökur og einfalda hljóðvinnslu.<br>• nýtt hugbúnað við netmiðlun. | | | |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| ***Stafræn borgaravitund*** | • hugað að eigin heilsu og vellíðan við notkun stafrænnar tækni og gert sér grein fyrir mikilvægi jafnvægis í skjátíma,<br>• gert sér grein fyrir mikilvægi þess að vernda persónuupplýsingar og friðhelgi einkalífs í stafrænu umhverfi og áttað sig á hverjum sé hagur af því að safna stafrænum upplýsingum,<br>• rætt og útskýrt að öll netnotkun einstaklinga skilur eftir sig spor í stafrænu umhverfi til langframa,<br>• gert sér grein fyrir helstu hættum í stafrænu umhverfi og þekkt vel ólíkar leiðir til að tilkynna ólöglegt og vafasamt efni á netinu og að samfélagsmiðlar hafa áhrif á samskipti,<br>• nefnt helstu netöryggis- og samskiptareglur og tekið ábyrgð á eigin nethegðun og beitt leiðum til að vernda sig og aðra fyrir neteinelti. | | | |
| ***Lausnaleit*** | • nýtt stafrænan stuðning í námi,<br>• flokkað og vistað gögn á öruggan hátt,<br>• nýtt mismunandi tegundir tölva, snjalltækja og jaðartækja til menntunar,<br>• nýtt hugbúnað og tæki á fjölbreyttan hátt og til að leysa fjölbreyttar þrautir. Hafa fengið kynningu á grunnhugtökum í forritun. | | | |